

Nd.

113. Frumvarp

til laga um járnbrautarlagning.

Flutningsmenn: Jón Magnússon, Eggert Pálsson, Einar Jónsson,
Sigurður Sigurðsson.

1. gr.

Ráðherra Íslands heimilast að veita samkvæmt fyrirætlum þessara laga einkaleyfi um 75 ár frá dagsetningu leyfisbrjefsins að telja til þess að leggja og reka járnbraut frá Reykjavík austur í Rangárvallarsýslu, að henni meðtaldri, með hliðarálmu niður á Eyrarbakka.

2. gr.

Einkaleyfið má eigi veita öðrum en íslenskum mönnum búsettum á Íslandi eða hlutafjelagi, þar sem meiri hluti fjelagsstjórnarinnar er skipaður slíkum mönnum.

3. gr.

Hver landeigandi er skyldur að láta af hendi land það, sem einkaleyfishafi telur þurfa undir járnbrautina, til járnbrautarstöðva, til húsa við brautina handa eftirlitsmönnum og öðrum starfsmönnum við hana, til kola- og vatnsgeymslu og vatnsleiðslutækja, til talsíma-, ritsíma- og aflþráðatækja meðfram brautinni. Enn fremur er hver landeigandi skyldur til að leyfa, að efni til allra ofangreindra mannvirkja, viðhalds þeirra og breytinga á þeim, sje tekið í landi hans eftir því sem einkaleyfishafi telur þörf á, hvort heldur er grjótt, mól eða önnur jarðefni, svo og vatn til afnota fyrir brautina og starfsmenn hennar. Bætur fyrir jarðrask og landnám í óyrktu landi skulu því að eins greiddar, að þeirra sje krafist og álitid verði að landeigandi hafi beðið skaða við það. Bæturnar skal sveitarfelag það greiða, þar sem landnám fer fram og náist ekki samkomulag um upphæð þeirra, skal ákveða þær með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðinn við matið greiðir landeigandi, ef upphæð sú, er honum er metin, er nær því, sem honum hefir verið boðin en því, sem hann hefir krafist, ella telst kostnaðurinn við matið með skaðabótakostnaðinum. Nú vill annarhvor málsaðili eigi una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan mánaðar frá því matsgjörð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiði landeigandi, ef hann hefur krafist þess og það gengur honum eigi í vil, ella telst hann með öðrum skaðabótakostnaði. Mat skal fara fram á vættvangi, þá er jörð er snjólaus. Við matið skal hafa tillit til árlegs afraksturs af landi því, er um ræðir, svo og til þess, hvort girðingar þurfi að flytja eða nýjar að setja, og athuga vandlega alt það, er getur haft áhrif á verðmæti þess, er meta skal. Sjerstaklega skal hafa tillit til þess, ef ætla má að land hækki í verði við brautargjörðina. Landeigandi á bætur allar fyrir landnám, jarðrask eða átroðning, en sje jörð leigð öðrum, greiði landeigandi honum 4 af hundraði árlega af skaðabótaupphæðinni meðan leigusamningur sá er í gildi, sem var þegar bæturnar voru ákveðnar. Ábúandi á þó bætur fyrir skemdir á mannvirkjum þeim, sem eru hans eign, og skal meta þær sjerstaklega. Bótanna skal krefjast innan eins árs frá því, er verkið var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur rjetturinn til bótanna niður.

Sje landssjóður landeigandinn, greiðast engar bætur, en land landssjóðs getur einkaleyfishafi ekki tekið nema með samþykki stjórnarráðsins.

4. gr.

Í einkaleyfið skal setja ákvæði um:

- a) að lega brautarinnar og gerð hennar og alls sem henni tilheyrir liggi undir samþykki stjórnarráðsins,
- b) að einkaleyfishafi skuli leggja fyrir stjórnarráðið fullkomnar áætlanir um járnbrautarlagninguna ásamt sönnunargögnum, er stjórnarráðið taki gild, fyrir því að nægilegt fje verði útvegað til stofnkostnaðar við lagning járnbrautarinnar að minsta kosti milli Reykjavíkur og Þjórsár,
- c) að hámark fargjalda og flutningsgjalda á járnbrautinni skuli ákveðið fyrir þrjú ár í senn af 5 manna nefnd óvilhallra manna, en þrjár þeirra

- skuli útnefndir af landsyfirdóminum, einn af stjórnarráðinu og einn af einkaleyfishafa,
- d) að einkaleyfishafi hlýti ákvæðum stjórnarráðsins um ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að teljast til þess að fyrirbyggja eldsvoða af neistaflugi frá brautinni,
 - e) að einkaleyfishafi hlýti ákvörðunum stjórnarráðsins um notkun innlends vinnulýðs við bygging og rekstur brautarinnar,
 - f) að rekstur brautarinnar frá Reykjavík og að minsta kosti austur að Þjórsá skuli byrja innan fimm ára frá dagsetning einkaleyfisins,
 - g) að landssjóði sje áskilinn rjettur til þess, þegar 10 — tíu — ár eru liðin frá því, að rekstur járnbrautarinnar byrjaði á öllu svæðinu frá Reykjavík austur að Þjórsá, að taka við járnbrautinni með öllu, sem henni fylgir og tilheyrir, ásamt skuldbindingum þeim, er á henni hvila, gegn því að greiða upphæð, sem samsvarar fje því, er sannanlega hefir verið varið til byggingar og útvegunar á brautinni með öllu tilheyrandi,
 - h) að tryggja stjórnarráðinu, að það geti aflað sjer nákvæmra upplýsinga um stofnkostnað járnbrautarinnar og hagnaðinn af rekstri hennar,
 - i) hvernig skuli skorið úr ágreiningi um útreikning nettóhagnaðar af rekstri járnbrautarinnar,
 - j) að ferðaáætlun brautarlestanna hvert ár liggj undir samþykki stjórnarráðsins.

5. gr.

Í einkaleyfið er heimilt að setja ákvæði um:

- a) að landssvæði þau, sem notuð verða til járnbrautarinnar og bygginga þeirra, sem henni tilheyra, svo og slíkar byggingar sjálfar, skuli vera lausar við alla skatta og opinber gjöld, og að hið sama skuli gilda um fjelag það, sem hefir einkaleyfið á hendi,
- b) að eigi þurfi að greiða neinskonar aðflutningsgjald af efni til byggingar járnbrautarinnar og þeirra bygginga og annara mannvirkja, sem henni tilheyra, nje heldur af kolum þeim, oliu og öðrum efnum, sem þurfa við rekstur brautarinnar, svo og að einkaleyfishafa verði endurgreitt úr landssjóði aðflutningsgjald það, sem greitt hefir verið af slíkum vörum, er nú var getið og hann kaupir innanlands,
- c) að landssjóður ábyrgist einkaleyfishafa, að hann með rekstri járnbrautarinnar fái borgaða, auk alls reksturs- og viðhaldskostnaðar, alt að 5 — fimm — af hundraði í ársvexti af fje því, sem varið hefir verið til járnbrautarinnar og þess, sem henni tilheyrir, enda fari byggingarkostnaðurinn eigi fram úr upphæð, sem stjórnarráðið ákveður í einkaleyfisbrjefinu fyrir hvern kílómetur brautarlengdarinnar. Verði heimild þessi notuð, skal setja í einkaleyfið nánari ákvæði um það, frá hvaða tíma vaxtatrygging þessi byrji og hvernig henni verði fyrir komið að öðru leyti,
- d) að með reksturskostnaði brautarinnar skuli árlega telja alt að $\frac{1}{2}\%$ af stofnkostnaði brautarinnar, sem leggist í vara- og endurnýjunarsjóð, og megi ekki verja honum til annars en aukningar og endurnýjunar á brautinni eftir ákvörðun stjórnarráðsins. Ef landssjóður innleysir brautina samkv.

4. gr. g, eignast hann sjóðinn og það, sem fyrir hann hefir verið keypt, án sjerstaks endurgjalds,
- e) að einkaleyfishafi skuli hafa forgangsrjett fyrir öðrum, að öðru jöfnu, til þess að leggja aðrar járnbrautir í sambandi við járnbraut þá, er hjer ræðir um, í framhaldi af henni eða til hliðar við hana, en vilji einkaleyfishafi eigi neyta forgangsrjettar sins, skuli hann skyldur að hlíta fyrir-mælum stjórnarráðs Íslands um samband milli brauta hans og hinna nýju brauta, nema landssjóður vilji sjálfur leggja hinar nýju brautir, því þá hefir einkaleyfishafi engan forgangsrjett, og skal þá sambandinu milli hinna nýju brauta og brauta einkaleyfishafa hagað eins og fyrir-skipað verður af 5 manna nefnd óvilhallra manna, sem sjeu útnefndir á sama hátt og segir í 4. gr. c,
 - f) að einkaleyfishafi megi nota staura landssímans undir símaleiðslur og aflþráðaleiðslur sínar með þeim skilyrðum, er stjórnarráðið telur við þurfa,
 - g) að einkaleyfishafi megi selja almennungi afnot tal- og ritsíma sins með-fram brautinni samkvæmt þeim reglum, sem stjórnarráðið setur,
 - h) að rekstrarafi brautarinnar megi vera gufa eða rafmagn,
 - i) að eigi þurfi að setja girðingar meðfram brautinni, nema þar sem hún verður lögð í gegnum land, sem afgirt var, og girðing rofnar við brautar-lagninguna.

6. gr.

Af verðhækkun þeirri á fasteignum manna, sem járnbraut sú, er einka-leyfishafi byggir, hefir í för með sjer, skal greiða verðhækkunargjald til lands-sjóðs. Verðhækkunargjald þetta ber að greiða án tillits til eigenda- eða notenda-skifta á fasteignum áður eða eftir að lög þessi ganga í gildi. Nánari reglur um verðhækkunargjaldið skulu settar með sjerstökum lögum. Verðhækkunargjaldinu skal fyrst og fremst varið til þess að endurgreiða landssjóði það, sem hann hefir orðið og verður að borga vegna vaxtategyggingarinnar (sbr. 5. gr. c).